

## Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar

Fræðsluráð Hafnarfjarðar  
Eyjólfur Þór Sæmundsson, formaður  
Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði

Hafnarfirði, 23. apríl 2013


### **Erindi: Óskað er eftir upplýsingum um fræðslu og þjálfun fyrir nýtt starfsfólk í leikskólum Hafnarfjarðar**

Hluti starfsmanna á leikskólum Hafnarfjarðar eru bæði ungir og óreyndir og staldra margir hverjir stutt við í starfi. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að valda töluverðri starfsmannaveltu innan leikskólanna. Á fundi Foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar kom upp umræða um hvernig staðið er að þjálfun og fræðslu fyrir nýtt ófaglært og jafnvel óreynt starfsfólk sem vinnur við umönnun barnanna okkar hjá leikskólum bæjarins. Afar mikilvægt er að nýráðið, ófaglært starfsfólk fái góða fræðslu og þjálfun um sitt mikilvæga starf við umönnun barna. Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar telur nauðsynlegt að Hafnarfjörður sé með skýra stefnu varðandi þjálfun fyrir ófaglærða leikskólastarfsmenn og þeirri stefnu sé fylgt eftir.

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi: 1) hvernig staðið er að þessari þjálfun og 2) hver sér um þjálfunina fyrir ofangreint starfsfólk. 3) Einnig óskar foreldraráðið eftir upplýsingum um hver stefna bæjarins er í þessum málum. 4) Jafnframt er óskað eftir upplýsingum frá leikskólastjórum um hvernig nýráðið starfsfólk er þjálfað og frætt um starf sitt.

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar svara við eftirfarandi spurningum fyrir 3. maí 2013.

Virðingarfyllst

  
Steinvör V. Þorleifsdóttir  
Formaður Foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar